

Alþingi
nefndarsvið

Reykjavík, 4. maí 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022, þingskjal 501- 372. mál

Ríkiskaup telja jákvætt að í lyfjastefnu er lögð áhersla á að styrkja og bæta útboð lyfja. Ríkiskaup telja einnig að það geti verið hagkvæmt að leita eftir samstarfi um sameiginleg útboð með öðrum Norðurlandabjóðum í ákveðnum tilvikum, þ.á.m. við lyfjakaup þar sem lítil eða engin samkeppni er hérlendis og innkaupsverð er mun hagstæðara við magninnkaup með öðrum þjóðum.


Í 20. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er að finna ákvæði er snýr að innkaupum í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Kaupanda er heimilt að nota miðstýrða innkaupastarfsemi í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Ríkiskaupum er einnig heimilt að bjóða út innkaup í öðru ríki EES svæðisins í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, eða miðlægar innkaupastofnanir.

Ríkiskaup hafa ágæta reynslu af sameiginlegum útboðum með öðrum þjóðum. Stofnunin hefur í þriggja árin síðast á þessu ári í samvinnu við sóttvarnarlækni hjá Embætti landlæknis með þátttöku í útboði á rammasamningi danskrar heilbrigðisstofnunar um forkaupsrétt á bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu.

Að lokum er vert að minna á að viðmiðunarfjárhæð um útboðsskyldu vegna innkaupa á lyfjum (vörukaupum) er nú 15.500.000 kr. innanlands skv. 1. mgr. 23. gr. OIL og 20.811.600 kr. á EES-svæðinu skv. reglugerð nr. 904/2016 sem sett er á grundvelli 4. mgr. 24. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst

f.h. Ríkiskaupa



Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri